



Íbúafundur í Dalabúð 18. nóvember 2021.

Fjöldi gesta: 27

Fjöldi áhorfenda á YouTube: 22

Dagskrá:

1. Kynning á tillögu að fjárhagsáætlun fyrir 2022-2025.
2. Undirbúningur að íþróttamiðstöð.
3. Sameining sveitarfélaga, valkostir.

Fundurinn hefst kl.20:00.

Eyjólfur Ingvi Bjarnason oddviti Dalabyggðar, býður gesti velkomna og setur fundinn. Eyjólfur kynnir fundarstjóra, Svein Gestsson og biður hann um að taka við stjórn fundarinn.

Gengið er til dagskrár.

1. Kristján Sturluson sveitarstjóri fer yfir tillögu á fjárhagsáætlun fyrir 2022-2025.

Fundarstjóri ber upp tvær spurningar sem bárust á YouTube síðu Dalabyggðar frá Trausta Bjarnasyni:

Hverjar voru tekjurnar af tjaldsvæðinu á Laugum og af Laugum í heild?

Sigurður Bjarni Gilbersson biður um orðið og ber upp spurningu varðandi sorphirðu. Hvort hægt sé að breyta tíðni sorphirðu og fjölga ferðum þar sem tunnur fyllast fljótt? Einnig hvort það sé sanngjarnt að sama sorphirðugjald sé á heimilum í 370 og 371 þegar í dreifbýli er kar en tunna fyrir flokkað sorp?

Sigurður spyr einnig út í hvar kostnaðargreining á hundasvæði stendur?

Stefanía Jónsdóttir biður um orðið og ber upp spurningu varðandi erindi sitt um þroska- og iðjuþjálfu.

Hvort ekki hafi átt að þarfagreina þjónustuna og þá hvort reiknað sé með því í þessari áætlun.

Kristján Sturluson óskar eftir að fá að bregðast við þeim spurningum sem hafa komið fram:

Tekjur vegna Lauga voru í heildina 8,4 milljónir, ekki með nákvæmar tölur vegna tjaldsvæðisins en það voru tæpar 4 milljónir.

Vegna sorphirðunar, það hefur verið í skoðun, á eftir að fara betur yfir það með ÍGF svo sorphirða gangi betur á nýju ári. Þetta var nýtt kerfi, ýmislegt sem við þurftum að læra af, má þar nefna grenndarstöðvar. Það er spurning hvort megi fækka t.d. ferðum út af brúnu tunnunum yfir á sumarið og jafnvel veturinn og þá taka inn meiri tíðni á endurvinnslutunnunum.

Varðandi hundasvæðið, því var líka vísað til skipulagsvinnu (deili- og aðal), það er ákveðin áfangi sem þarf að fara í gegnum þar áður en hægt er að kostnaðargreina verkefnið en því var tekið mjög vel.

Varðandi þroskaþjálfara, þá því miður hefur dregist vinna vegna þess, þarf að fara fyrir fræðslunefnd, þarf að vinna hraðar en ef þetta verkefni rúmast ekki innan fjárhagsáætlunar er það eitthvað sem sveitarstjórn þarf að taka tillit til í viðauka.

Skúli Guðbjörnsson biður um orðið og talar um timburgáma úti til sveita, hvort það sé mismunun að íbúar í dreifbýli fá frían aðgang að timburgámum en ekki í þéttbýlinu, það sé verið að skoða það. Hvetur íbúa til að tjá sig um hvað megi gera betur og hvað þeir telja þörf á.

Sigmundur Sigmundsson biður um orðið og spyr um tekjurnar af höfnum Dalabyggðar í Búðardal og Skarðsstöð og vekur máls á viðhaldspörf á Skarðsstöð.

Fundarstjóri ber upp spurningu sem barst á YouTube síðu Dalabyggðar frá Trausta Bjarnasyni, hvort um nettó tekjur af Laugum hafi verið að ræða.

Kristján Sturluson bregst við spurningum:



Engar tekjur eru af höfninni í Búðardal en u.þ.b. 600 þús. af Skarðsstöð. Áætlaðar eru 1,5 m.kr. til framkvæmda í Skarðsstöð, inniglingarljós fyrst og fremst. Segir að það væri hægt að sækja um framlag frá ríkinu en þá þurfa hafnir að vera á samgönguáætlun en hafnir Dalabyggðar séu það ekki núna. Tekjur á Laugum hafi verið nettó (heildartekjur). Fundarstjóri þakkar fyrir svör og kynnir inn næsta dagskrárlið.

2. Skúli Hreinn Guðbjörnsson fer yfir undirbúning að ípróttamiðstöð.

Jón Egill Jónsson biður um orðið og þakkar fyrir tækifærið til að geta tekið þátt á fundinum. Spyr hvort það sé nógu mikil alvara að baki vinnunnar við ípróttamannvirkin, það sé ekki hægt að bera fyrir sig að verkefnið sé of erfitt. 800 milljónir + hljómi sem eðlileg tala. Laugar yrðu bara plús miðað við lántökuhæfni og tekjur Dalabyggðar í verkefnið. Það sé að koma að kosningum og ekki megi missa verkefnið á byrjunarreit. Það hafi komið á óvart þegar settur var saman starfshópur að ípróttamiðstöð og sundlaug, hafi aldrei verið talað við íprótt- og tómsstundafultrúa, hann hafi ekki setið 1 af þeim 16 fundum sem hafi verið haldnir. Það sé ekki góð vinna að bera það undir fund að finna sparnaðarleidir, koma engar hugmyndir ef aðeins er beðið um tillögur að niðurskurði. Varðandi þörfina gæti Auðarskóli stórbætt ípróttastarf sitt, það sé ekki góð aðstaða að kenna ípróttir í félagsheimili, eitt af aðalatriðunum séu öryggismál. Eldri borgara geti fengið mun meiri aðgang og nýtt húsnæðið. Við erum komin á nýjan stað hvað varðar ferðamennsku. Ærslabelgur á leiðinni. Ípróttamiðstöð og sundlaug myndi gera Búðardal að áfangastað. Verum stórhuga, byggjum til framtíðar. Það er búið að kroppa nóg af hugmyndinni, vinna þetta nóg og nú er bara að þora. Eigum að hafa 25m sundlaug. Það verður bara dýrar að byggja og framkvæma, verður ekki ódýrara að bíða. Reynsla annarra sveitarfélaga er að þátttaka í ípróttastarfi eykst til muna. Hugmyndir hafa komið fram um að skipta þessari framkvæmd niður í minni einingar svo heimamenn og fyrirtæki í héraði geti tekið þátt í uppbyggingunni og þannig verður fjármagnið eftir í heimabyggð.

Kristján Sturluson biður um orðið og tekur fram að myndirnar sem voru sýndar endurspegli ekki hvar hafi verið skorið niður því að stóri kostnaðarliðurinn sem skorinn var niður hafi verið að byggja ekki yfir sundlauginna. Vegna framkvæmdarinnar er gert ráð fyrir sölu á Laugum til að minnka skuldsetningu. Stóra málið varðandi Laugar er ekki hvort þær seljist fyrir eða á framkvæmdartíma heldur sé þetta spurning um rekstrarkostnað. Miðað við rekstur sveitarfélagsins í dag, ráði það ekki við að reka báðar fasteignirnar.

Fundarstjóri ber upp spurningu sem barst í gegnum YouTube síðu Dalabyggðar frá Trausta Bjarnasyni um hvort ekki eigi að gera þetta af reisu eða sleppa því.

Sigurður Bjarni Gilbertsson biður um orðið og segir að það sé sjálfsagt að byggja mannvirkin en það þurfi að ráða við kostnaðinn, ef sveitarfélagið ræður við meira sé hægt að gera meira. Í áætlun sé gert ráð fyrir gatnagerð, það verði beðið með það þar til lóðum er úthlutað og nýta þann pening í þetta verkefni í staðin. Tekur undir orð Jón Egils og þakkar honum fyrir. Auðvitað eigi að byggja löglegan körfuboltavöll. Ragnheiður Pálsdóttir biður um orðið og segir að það skipti máli að það náist sátt um málið. Í dag sé gert ráð fyrir 600 milljónum í verkefnið og um slíkt þurfi að ríkja sátt, því sé farið í framkvæmdina fari peningurinn ekki í annað á meðan. Tekur undir með Sigurði og Jóni að þetta væri til bóta fyrir ýmsa hópa og félög. Það hefur verið skoðað hvort hægt sé að skipta verkinu upp í smærri þætti og hafa framkvæmdina í heimabyggð.

Stefanía Jónsdóttir biður um orðið og tekur undir með Sigurði og Jóni. Spyr um áætlun fyrir líkamsrækt í nýrri byggingu þegar búið er að byggja upp líkamsræktarstöð Óla pá á Vesturbraut, þar sé aðstaða metnaðarfull og mjög góð. Spyr hvort hafi verið rætt við Óla pá áður en ákveðið var að breyta



skrifstofum í líkamsræktarsal.

Bjarnheiður Jóhannsdóttir biður um orðið, segir þetta gríðarlega mikilvæga framkvæmd fyrir sveitarfélagið til að laða að ungt fólk og barnafjölskyldur. Spyr sveitarstjórn og starfshóp hvort þessi framkvæmd hafi verið hugsuð í samhengi við sameiningu sveitarfélaga, ef farið sé af stað í sameiningarviðræður án þess að þessi framkvæmd sé hafi, hvort hún verði þá nokkuð.

Fundarstjóri gefur Skúla H. Guðbjörnssyni orðið til að bregðast við spurningum og athugasemdum. Skúli svara Jóni að hann sé í stöðu til að geta komið sínum skoðunum á framfæri hvenær sem er í ferlinu. Svarar Bjarnheiði að þetta hafi verið rætt í samhengi við sameiningarviðræður. Vinnuhópurinn sé að horfa til 600 milljóna og vinni með þær. Telur að ef ekki sé gert ráð fyrir líkamsræktarstöð strax, komi beiðni um það síðar, þetta sé framsýni. Vill að fólk viti af því að þegar búið er að byggja íþróttamannvirkin, þá eigi eftir að reka þau og það þarf að eiga fyrir því, daglegri opnun, til að mæta öryggiskröfum, hita og rafmagni. Útskrift af rekstri íþróttamannvirkja í Húnaþingi Vestra segir að það kosti 67 milljónir.

Einar Jón Geirsson biður um orðið, segir að sveitarfélagið eigi ekki efni á því að gera þetta ekki. Samfélagið sé á krossgötum, hvort það muni vaxa, standa í stað eða dala. Hann hafi verið í fyrri starfshóp um byggingu mannvirkja, þar hafi t.d. verið hugmynd um innisundlaug sem nú hafi verið slegin af. Segir að fólk hljóti að gera sér grein fyrir því að það kosti líka að reka þessi mannvirki, það sé þó spurning um hvort eigi að borga rekstur á Laugum með mjög lítilli opnun og notkun eða af nýjum mannvirkjum sem eru meira opin og nýtt. Þessi framkvæmd geti leitt til margra kosta er varðar lýðheilsu og heilsufar. Þegar þetta verður komið, þá verði talað um tímamann fyrir og eftir íþróttamannvirkin. Hann skynji vilja í samfélaginu fyrir þessu verkefni. Sveitarfélagið er búið að fá svar um að það ráði við þessa framkvæmd, það liggur fyrir að tækifærið er líka núna að ná meðgjöf í sameiningu sveitarfélaga. Það sé vonandi að hægt sé að koma þessum máli af stað fyrir kosningar, ef þetta eigi að vera kosningarmálið þá seinki þessu bara frekar. Biður íbúa um að vera í sambandi við sig vegna þessa verkefnis.

Pálmi Jóhannsson biður um orðið, segir að búið sé að vinna hellings vinnu, bæði núverandi og fyrrum starfshópur. Spyr hvort Skúli hafi virkilega áhuga á að þetta verkefni verði að veruleika, það vanti jákvæðni og samtal ferlið.

Eyjólfur Ingvi Bjarnason biður um orðið og segist vera á þeirri skoðun að þetta þurfi að gera, ef það eigi að byggja upp þá þurfi þessi mannvirki að koma. Umræðan sé búin að fara út og suður. Það er hægt að taka umræðuna um að nýta Laugar, en skólinn er í Búðardal og ekki er verið að færa hann. Það þurfi að gæta að kostnaði, þetta sé hlutur sem þurfi að vera til staðar ef samfélagið á að vera samkeppnishæft. Þetta hefur verið rætt við sameiningarviðræður, ríkið hefur sett leikreglur varðandi skuldir og meðgjöf í sameiningu, hann sé ekki endilega sammála þeim. Dalabyggð sé rúmlega 600 manna samfélag, það er stefnt að því að lágmarks íbúafjöldi sveitarfélaga séu 1000 manns. Það þarf vissulega að skapa störf og fleira en þetta sé eitt af því sem þarf til að gera sveitarfélagið samkeppnishæft. Svæði í kringum okkur orðið jaðarsvæði, hvenær verðum við jaðarsvæði og hvernig getum við komið í veg fyrir það.

Skúli H. Guðbjörnsson biður um orðið og bregst við spurningum og athugasemdum. Segir það vera skoðun Pálma ef hann telur sig ekki hafa áhuga á þessari uppbyggingu, hann sé í þessum vinnuhóp og vinni með fleirum. Ef að vinnuhópurinn og fleiri væru ekki á bremsunni þá væri kannski 1100 milljón króna framkvæmd hafin, hvað sé að því að huga að fjármunum sveitarfélagsins, það veiti ekki af.

Jón Egill Jónsson biður um orðið og þakkar fyrir umræðuna, talar um að fjármagnið sé kannski vanreiknað. Ætti kannski að framkvæma íbúakosningu um málið. Höfum allt uppi á borðinu varðandi kostnað og frávik varðandi hann. Á ekki að fara upp í þessari umræðu, oft borið fram eins og þetta sé ómöguleg. Þetta verður alltaf erfitt en það er líka hugarfarið. Hefur á tilfinningunni að hópurinn sé með



frestunaráráttu. Þarf ekki botnlaust leyfi til að hækka heimildina til að vinna eftir, ekki vera með hræðsluáróður, gerum þetta.

Fundarstjóri vísar til hvatningar sem kom á YouTube síðu Dalabyggðar frá Ingibjörgu Þórönnu Steinudóttur.

Ég styð þessa framkvæmd heils hugar. Við viljum gera vel fyrir okkar æsku og samfélagið í heild. Ég er sammála að íþróttahúsið verði að vera a.m.k. fyrir löglegan körfuboltavöll. Ég vil búa í samfélagi þar sem boðið er upp á íþróttæfingar fyrir börn beint eftir skóla til að lengja ekki daginn þeirra. Það skiptir mig miklu máli og það mun gera sveitarfélagið fýsilegri kost til að búa í fyrir fjölskyldufólk. Þetta er fjárfesting í framtíð Dalabyggðar.

Bjarnheiður Jóhannsdóttir biður um orðið og talar um að verkefnið verði til bóta. Telur að slík uppbygging laði að og haldi fólki í byggðinni, vísar til reynslu annarra sveitarfélaga. Hver sem talan er þá hafi sveitarfélagið ekki efni á að sleppa þessu.

Ragnheiður Pálsdóttir biður um orðið og segir ástæðuna fyrir kynninguna vera að búið sé að vinna þetta með Verkís og að starfshópurinn fari ekki lengra en þetta, nú sé komið að ákvörðun, vendipunktur.

Frábært að geta komið saman og tjáð sig um verkefnið, myndi ekki vilja fara í verkefnið nema sátt væri um það og skynjar meðbyr.

Skúli H. Guðbjörnsson biður um orðið, segir það ekki hræðsluáróður að fara yfir staðreyndir. Fundurinn sé til að upplýsa fólk, hvað sé framundan og við hverju megi búast. Þetta hafi verið sett á dagskrá til að sjá hvort sveitarstjórn ætti að gera ráð fyrir frekara fjármagni til verkefnisins. Það sé ekkert að því að ræða við fólk og skiptast á skoðunum, fólk eigi að vera hreinskilið.

Pálmi Jóhannsson biður um orðið, bendir á að mikið hafi verið unnið í sjálfböðavinnu í rækt Óla pá og ef til þess komi væri hann tilbúinn að gefa jafn mikla vinnu til uppbyggingar á nýrri aðstöðu.

María Líndal biður um orðið, verið sé að ræða um mikla peninga, kannski sé rétt að hafa kosningu um málið meðal íbúa, verið sé að skuldsetja sveitarfélagið og þar með þá sem hérna búa.

Kristján Ingi Arnarsson biður um orðið, segir frá fundi með hönnuðum byggingarinnar. Vinnan sem sé í gangi sé kerfislýsing fyrir burðarþol og fleiri tækinleg atriði. Vinna sem nýtist hvort sem farið er í alútboð eða framkvæmdin bútuð niður. Framkvæmdin þarf að vera smekklek og hagkvæm.

Fundarstjóri ber upp erindi sem hafa borist á You Tube síðu Dalabyggðar, frá Trausta Bjarnasyni þar sem hann hvetur sveitarstjórn og starfshóp til að spara sér ekki í óhag og Svanhvít Lilja Viðarsdóttir spyr hvar sé hægt að sýna verkefninu stuðning.

Sigmundur Sigmundsson biður um orðið, segir að ef eigi að byggja skal gera það strax. Það verði ekki ódýrara, reynsla annars staðar frá sýni að húsin standa þó að sameiningu verði. Það eigi einnig að nýta sér ódýrar lóðir til að koma atvinnurekstri að í sveitarfélaginu.

Fundarstjóri þakkar fyrir umræður og kynnir inn næsta dagskrárlið.

3. Eyjólfur Ingvi Bjarnason, oddviti Dalabyggðar fer yfir sameiningu sveitarfélaga og valkosti.

Stefanía Jónsdóttir biður um orðið, tekur undir orð Eyjólfss með að sameiningu þurfi, hvort sem það verður verkefni næstu eða þarnæstu sveitarstjórnar. Bendir á að gæta þarf þess að hagsmunir sameinaðra sveitarfélaga fari saman, reynsla annarra ekki alltaf góð. Hver verður rödd okkar og hvernig er hægt að gæta hennar.

Jón Egill Jónsson biður um orðið, hrósar sveitarstjórn fyrir að vera komin þetta langt í að skoða sameiningarmál. Segir að við eigum að sameinast upp fyrir okkur, ekki bara samansóp af litlum sveitarfélögum. Það sé spennandi að horfa til Húnaþings vestra eða út í Stykkishólm. Lýst ekki vel á sameiningu yfir í Borgarbyggð, það myndi saga of mikið til sín. Það er búið að vinna þetta rétt, byrja



rólega og eiga samtalið.

María Líndal biður um orðið, segir sveitarstjórnir hafa hlutverk samkvæmt lögum en fjármagnið fylgi ekki. Ef að fjármagn væri að fylgja verkefnum þyrfti ekki sameiningar. Það verður ekki allt unnið með sameiningu og fjöldanum. Það þarf að skoða fleira, hvernig verður t.d. með heilsugæsluna í Búðardal ef sameinast er út í Stykkishólm þar sem er sjúkrahús. Sveitarfélög eiga rétt á fjármagni til að sinna hlutverki sínu og íbúum, það á ekki að þurfa að neyða þau til sameiningar.

Sigmundur Sigmundsson biður um orðið, segir reynslu af sameiningu ekki góða, þannig hafi þjónusta farið úr héraði á mörgum stöðum. Eitt sem hann segist sjá jákvætt í þessu er að farið er af stað með vinnuna áður en sveitarfélagið er neytt til þess, þess vegna er gott að fara í umræður um þessi mál núna. Ef velt sé upp sameiningarmöguleikum, þá sé verið að skoða stóra sameiningu á Snæfellsnesi og ef af því verði eigi Dalabyggð ekki samleið þangað, frekar Húnaþing vestra sem er sveitarfélag líkt Dalabyggð. Kæmi almennilegur vegur með sameiningunni væri hægt að skoða það, en þá spurning hvort nóg sé að tala um slitlag eða hvort eigi að horfa til þverunar Hrutafjarðar. Aðal krafan við sameiningu eigi að vera samgöngur innan sveitarfélagsins, ekki nóg að það sé bara í orði.

Bjarnheiður Jóhannsdóttir biður um orðið, segist vera hlynt því að sameinast og hvetur sveitarstjórn til að láta hjartað ráða för, þ.e. að sameinast jákvæðu samfélagi. Viljum ekki sameinast sveitarfélagi með neikvæð viðhorf, það skiptir máli. Ef horft er til Húnaþings vestra eru þau um 20 árum á undan Dalabyggð í ferðamálum. Við skulum sameinast einhverjum sem eru okkur velviljaðir, eitthvað sem bætir okkur ekki bara bætir við okkur.

Skúli H. Guðbjörnsson biður um orðið, segir að það þurfi að skoða þessi mál af alvöru. Spurning um hvort eigi að horfa til Húnaþings vestra og nágretta líkt og Strandabyggðar og Reykhóla.

Pálmi Jóhannsson biður um orðið, segir óþarfi að vera hrædd við sameiningarmál. Það hafi verið góð heimsókn á Hvammstanga þar sem kom fram gott viðhorf og góður andi í samfélaginu.

Fundarstjóri þakkar fyrir umræður og gefur Eyjólf Ingva Bjarnasyni orðið.

Eyjólfur fer yfir mál fundargesta undir dagskrárliðnum, svarar og bætir við.

Eyjólfur þakkar fyrir fundinn, óskar gestum góðrar heimferðar og slítur fundi.

Fundi slitið kl.22:43

Fundarpunkta ritaði Jóhanna María Sigmundsdóttir.